

Töflubreytingar—nýtt kerfi!

Vakin er athygli á því að töflubreytingar verða með öðru móti en áður. Í stað þess að fara til Torfa áfangastjóra þá ferðu í viðtal til kennara eða námsráðgjafa fimmtudaginn 4. desember milli kl. 11 og 16 og föstudag frá 10-12 og 13-15. Stúdentsefni fara beint til Sísíar sem verður í stofu H201 (jarðfræðistofan) og aðrir til kennara sem verða í viðtalsherbergjum þar á ganginum. Eftir að teknar hafa verið saman óskir um töflubreytingar verður unnið úr þeim og listi yfir þá sem fá samþykktar nýjar töflur birtur á innri vefnum (My School). Töflubreytingum lýkur fyrir helgi og verða ekki í næstu viku.

Skiptibókamarkaður

NFF stendur fyrir skiptibókamarkaði næstu daga. Opnunartími verður auglýstur sérstaklega. Við hvetjum þig til að nýta skiptibókamarkaðinn.

INNA og Innri vefur

INNA og Innri vefurinn (My School) verða lokuð n emendum fram yfir töfluafhendingu 4. janúar. Kerfin verða opnuð 5. janúar þeim sem eru skuldlausir hvað varðar endurinnritunargjöld og annað.

Mikilvægt er að gæta að lykilorðum sem þú ert með og muna að þau eru á þína ábyrgð.



Hraðtafla föstudaginn 5. janúar

Tími í dag:	Tími vanalega:	Stokkur:
8.05-8.30	Mánudagur kl. 8.05	A
8.35-9.00	Mánudagur kl. 9.10	B
9.05-9.30	Mánudagur kl. 10.30	C
9.35-10.00	Mánudagur kl. 11.35	F
10.15-10.40	Mánudagur kl. 13.05	G
10.45-11.10	Mánudagur kl. 14.15	Y
11.15-11.40	Mánudagur kl. 15.20	X
11.45-12.10	Þriðjudagur kl. 10.30	Z

Töflubreytingar

verða afgreiddar dagana 4. og 5. janúar

Stokkataflan

Hér fyrir neðan er birtur sá rammi sem stundaskráin er gerð eftir.

Tíminn	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös
8:05 - 9:05	A	X	Z	A	C
9:10 - 10:10	B	Y	Y	B	F
10:30 - 11:30	C	Z	G	C	G
11:35 - 12:35	F	Fundur	C	F	X
13:05 - 14:05	G	F	B	G	Z
14:15 - 15:15	Y	A	A	X	Y
15:20 - 16:20	X	B	Umsj.- tími	Z	

Skólareglur Flensborgarskólans

1. Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga að mæta stundvíslega til starfa.
2. Nemendum og starfsmönnum ber að ganga snyrtilega um húsnæði og lóð skólans og fara vel með húsmuni og tækjabúnað.
3. Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuvaldandi efna er bönnuð í húsnæði og á lóð skólans.
4. Algjört bann er við reykingum og annarri tóbaksnotkun í húsnæði og á lóð skólans.
5. Neysla matvæla er óheimil í kennslustundum, á bókasafni og í tölvuverum skólans.
6. Nemendum og kennurum ber að skila kennslustofum snyrtilegum í lok kennslustundar.
7. Notkun farsíma er bönnuð í kennslustundum.
8. Nemendum og kennurum ber að sýna hver öðrum kurteisi og tillitssemi.
9. Kennari er verkstjóri í kennslustund. Allir þeir sem tíma sækja eiga að geta notið kennslunnar í friði.
10. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að kynna sér reglur og starfsáætlanir skólans.

Nemendur skulu fylgjast reglulega með tilkynningum á auglýsingatöflu skólans.

Brot á reglum skólans getur valdið brottvísun.

Efnisgjöld

Þeir sem eru í áföngunum LKN 112/122, MAT og MYN greiða efnisgjald á skrifstofu skólans í upphafi annar.

- LKN 112/122 kr. 2000
- MAT kr. 6.500
- MYN kr. 3.500.

Innifalið í gjaldi fyrir LKN er mappa sem fæst hjá kennara gegn framvísun kvittunar frá skrifstofu

Endurinnritunargjöld verða að vera greidd til að fá afhenta stundatöflu.



FRESTUR TIL AÐ SÆKJA UM P-NÁM RENNUR ÚT 10. JANÚAR

Niðurstaðan verður birt 16. janúar. P-nemendur skulu hafa samband við fagstjóra/kennara fyrir 23. janúar til að ganga frá samningi annars dattu heimild um P-nám niður. **Raunar er vakin athygli á því að eftir þessa önn verður ekki talað um P-nám heldur fjarnám í flestum greinum.**

Heildarfjöldi sem getur fengið P-nám er takmarkaður.

Reglur um P-nám

I. Skilyrði fyrir P-námi

1. Nemandi sem fær 9 eða hærra í námsgrein getur fengið að taka næsta áfanga í sömu grein sem P-áfanga.
2. Nemandi sem við síðasta annarpróf hefur fengið 9 eða hærra í a.m.k. 6 einingum (að frádregnum einingum sem einkunn var 4 eða lægri í) getur fengið að stunda P-nám í öðrum áföngum en um getur í 1. grein.
3. Nemandi sem hyggst ljúka námi á næstu tveimur önnum og vantar fáar einingar til að geta það með eðlilegu töfluálagi getur fengið að stunda P-nám án tillits til einkunnar, enda hafi hann staðist a.m.k. 15 einingar eða 5 áfanga næstu önn á undan.

II. Takmarkanir á P-námi

4. Enginn nemandi getur þó fengið að taka P-áfanga nema hann sé með a.m.k. 33 kennslustundir í töflu. Undantekningar frá þessu skulu því aðeins gerðar að um sé að ræða töfluárekstur milli tveggja áfanga sem hvorugum megi fresta vegna námsloka nemandans.
5. Ekki er heimilt að vera með nema einn P-áfanga samtímis í sömu námsgrein.
6. Aldrei skulu P-áfangar samtímis nema meira en 6 einingum, nema á síðustu önn nemandans. Þá má bæta við einum áfanga.
7. **Heildarfjöldi nemenda í P-nám er takmarkaður.**

III. Framkvæmd á P-námi.

8. P-nemendur skulu hafa samband við fagstjóra/kennara fyrir 23. jan.
9. Í kennsluáætlunum er skilgreint hvaða verkefnum P-nemendur eiga að skila og jafnframt hvort um viðbótarverkefni er að ræða eða ítarlegra próf í annarlok. **P-nemendur hafa ekki rétt á að sækja kennslustundir í áfanganum.**

Að hætta í áfanga á önninni

Hægt er að hætta í áfanga til **10. janúar** án þess að greiða endurinnritunargjald. Eftir þann tíma er ekki hægt að segja sig úr áfanga án þess að greiða gjald við upphaf næstu annar. Gjaldið er 500 kr. fyrir hverja námseiningu. Nemandi sem ákveður að hætta í þriggja eininga áfanga þarf því að greiða 1500 kr. Úrsögnin er unnin þannig að nemandinn snýr sér til námsráðgjafa og fá samþykki skólaráðs fyrir úrsögn. Ekki er hægt að skrópa sig úr áfanga nema eiga brottrekstur úr skóla í vændum.

Fjarvistir í viðkomandi áfanga halda áfram að telja þar til úrsögnin hefur verið staðfest af umsjónarkennara.

Eindagi til að segja sig úr áfanga á vorönn 2007 er

23. janúar




Passaðu dótið þitt

Því miður kom fyrir á haustönn að þjófar hafi verið á ferð í skólanum. Það er tvennt sem þarf að skoða í þessu.

Annað er að þú verður að passa dótið þitt. Þú getur leigt skáp fyrir hlutina þína og þú verður að passa að skilja ekki eftir verðmæti án þess að með þeim er fylgst.

Hitt er að við verðum að hjálpast að við að koma í veg fyrir þjófnaði því við viljum að skólinn sé öruggur staður fyrir okkur.



Skrifstofa skólans er opin:

Mánudaga til fimmtudaga

kl. 8:00 - 15:30

Föstudaga

kl. 8:00 - 14:30

Bókasafn skólans er opið

Mánudaga til fimmtudaga

kl. 8:00 - 16:30

Föstudaga

kl. 8:00 - 16:00

Töflubreytingar

Hægt er að sækja um að fá breytingu á stundatöflum 4. og 5. janúar. Þú skráir þig í viðtal og talar við starfsmann skólans. Mánudaginn 8. janúar kemur í ljós hvort breytingin fæst samþykkt.

KÓR FLENSBORGARSKÓLANS

Kór Flensborgarskólans er einn af bestu skólakórum landsins í dag. Tónleikaferðir innanlands og utan eru stór þáttur í starfi hans og er þátttaka í kórstarfinu metin til allt að 3ja eininga á ári. Tæplega 80 nemendur voru í Kór Flensborgarskólans á síðustu önn en á næstu önn verða nokkur sæti laus. **Skráning og inntaka nýrra félaga verður auglýst næstu daga.**

Mynd frá Vinakvöldi á aðventu í desember 2006. Gestir voru Páll Óskar og Monika.

Ljósmynd Magnús Gíslason.



Starfsmenn

Í meðfylgjandi skrá eru taldir upp allflestir starfsmenn í skólanum, skammstöfun á nafni þeirra eins og hún birtist á stundatöflum nemenda, kennslugreinar þeirra á vorönn 2007 eða störf. Netföngin má finna á heimasíðu skólans.

Starfsmaður	Námsgr/starf
Adda María Jóhannsdóttir	AJ ENS, LKN
Anna Kristín Brynjólfsdóttir	AB STÆ, LAT
Arnheiður G Guðmundsdóttir	AG Námsráðgjafi, LOK
Axel Pétur Gylfason,	APG Kerfisstjóri
Ása Katrín Hjartardóttir	ÁS DAN
Ásdís Unnur Bergþórsdóttir	Ræsting
Ásta Kristín Pálmadóttir	AK STÆ, LKN
Baldur Hermannsson	BH EDL, NÁT
Bergljót Gunnlaugsdóttir	BE Bókasafnsvörður
Björg Ólínudóttir	BÓ DAN
Bryndís Jóna Jónsdóttir	BJ Námsráðgjafi
Brynja Sigurjónsdóttir	stuðningsfulltrúi
Dagrún Steinunn Ólafsdóttir	DSÓ STÆ, NÁT, LKN
Danielle Bisch	DAB STÆ
Díana Guðjónsdóttir	DG Íþróttagreinar
Einar Birgir Steinþórsson	EBS Skólameistari
Elsa Anna Bakkmann Bessadóttir	EB Bókavörður
Erla Sigríður Ragnarsdóttir	ER SAG,
Eygló Jónsdóttir	EYJ ENS
Eyrún Huld Haraldsdóttir	EHH ÍSL
Fjóra Rögnvaldsdóttir	FR MYN
Friðrik Ó Júlíusson	FJ STÆ
Geir Hallsteinsson	GH Íþróttagreinar
Guðmunda Anna Birgisdóttir	GB SÁL, UPP
Guðný Árnadóttir	GA FRA, LKN
Guðný Kristmundsdóttir	GK Mötuneyti
Guðrún Hafdís Eiríksdóttir	GHE STÆ
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir	GÁG Fjölmíðlagreinar
Guðrún Jónsdóttir	GJ ENS
Guðrún Ósk Barðadóttir	Ræstingarstjóri
Hafdís Ólafsdóttir	HÓ Mötuneyti
Halldór Árni Sveinsson	HA Fjölmíðlagreinar
Halldóra Jóhannesdóttir	HJ EFN, NÁT
Helgi Guðmundsson	HG ÍSL
Hildigunnur Guðlaugsdóttir	HIG Skrifstofa
Hildur Einarsdóttir	HD EFN, NÁT
Hjördís G Bergsdóttir	HJB Starfsbraut
Hólmfríður Sigþórsdóttir	HSI NÁT, LKN
Hólmfríður Þórisdóttir	HP ÍSL, ÍSA
Hrafnhildur Blomsterberg	HB Kórstjóri
Hrafnhildur R Jósefsdóttir	HR Starfsbraut
Hrafnkell Tumi Kolbeinsson	HTK FÉL, HMN, LKN
Hrefna Geirsdóttir	HRE Fjarvistastjóri, íþróttagreinar

Starfsmenn—framhald

Starfsmaður

Hrefna Steinarsdóttir
Hreinn Sæmundsson
Inga Jóna Þórisdóttir
Jóhann Guðjónsson
Jóna Valborg Árnadóttir
Jón Barðason
Katrín Eygló Hjaltadóttir
Kristín Magnúsdóttir
Kristján Rafn Heiðarsson
Lilja Héðinsdóttir
Magnús Gíslason
Magnús Þorkelsson
Margrét Jóhanna Böðvarsdóttir
María Halldóra Alexandersdóttir.
Matthildur Kristrún Friðjónsdóttir.
Ólína Rakel Þorvaldsdóttir
Pálfríður Bjarnadóttir
Ragnheiður H Kristjánsdóttir
Sigríður Petra Friðriksdóttir
Sigrún Edda Knútsdóttir
Sigrún Jónsdóttir.
Sigurbjörg Anna Guðadóttir
Sigurður B Jónsson
Sólveig Ágústsdóttir
Stefán Örn Valdimarsson
Svana Björk Karlsdóttir
Sveinn Þórðarson
Tamara Iljinichna Soutourina
Torfi Kristinn Kristinsson
Unnar Örn Þorsteinsson
Viðar Hrafn Steingrímsson
Þiðrik C. Emilsson
Þórdís Ólafsdóttir
Þórunn Andrésdóttir

Námsgr/starf

HST ÍSL, LKN
HS Húsvörður
IJP LAN, NÁT, LKN
JG LÍF, NÁT
JVA ÍSL
JB SAG,
EH Fjármálastjóri
KM FÉL, LKN
KRH MAT
LH ENS
MG FÉL, TÖL
MP Aðstoðarskólameistari, SAG
MB ÞÝS
Ræsting
Ræsting
Óþ Bókavörður
PB Mötuneyti
RK DAN,
SF JAR, NÁT, Námsferilsstjóri
SK Skrifstofa
Ræsting
SA STÆ
SJ ÞÝS
SÁ Skólafulltrúi
SV HAG, BÓK, HAV, LKN
SBK Starfsbraut
SP ÍSL
TS ENS
TK Áfangstjóri, TÖL
UP ENS, LKN
VHS DAN, LKN
ÞCE Fjölmíðlagreinar
ÞÓ Stærðfræði
TA Starfsbraut

**Nemendur eru minntir á
að sýna öllum starfsmönnum
virðingu og kurteisi.
Ef leitað er að kennara
þá má fara á kaffistofuna
eða snúa sér til skrifstofunnar.**



DRAUPNIR - útgáfustjórn

Á hverjum vetri er mynduð útgáfustjórn Draupnis í samvinnu NFF og skólans. Meðal verkefna er að ritstýra blaðinu, afla auglýsinga, skipuleggja það og taka myndir af nemendum og kennurum í Flensuna sem fylgir með. Blaðinu er síðan dreift til nemenda og víðar.

Ef þú vilt vera með í þessu skemmtilega verkefni þá skaltu hafa samband við Guðrúnu Ágústu (Rúnu) í fjölmiðladeild. Verkefnið er áfangi og stendur í allan vetur.

Fartölvur/lykilorð/skápar

Hægt er að vera með fartölvur og tengjast þráðlausu neti í skólanum. Það gildir um þá sem eru með notendanöfn á neti skólans. Reglur gilda um fartölvur í kennslustundum og kennara er heimilt að krefjast þess að þær séu settar niður.

Hægt er að fá aðgang að skápum og er þar hægt m.a. að geyma skó. Skápum er úthlutað á skrifstofunni.

Ef endurnýja þarf lykilorð að skólanetinu, innri vefnum og INNU þá má snúa sér til skrifstofunnar. Hægt er að senda þau í tölvupósti en þá eingöngu til netfanga sem tengjast skólanum. **Ekki eru send lykilorð á netföng s.s. Hotmail, gmail, visir.is o.s.frv.**

Fall á önn

Í skólanum er til hugtakið fall á önn. Hægt er að falla á önn með tvennum hætti: Nemandi getur fallið á önn vegna skólasóknar og nemandi getur fallið á önn vegna þess að hann nær ekki lágmarksfjölda eininga – þetta eru 9 einingar eða 4 áfangar á önn. Þegar slíkt gerist í fyrsta sinn fær nemandinn áminningu skriflega og honum eru settir skilmálar vegna næstu annar. Ef þetta endurtekur sig þá tekur nemandinn sér hvíld frá námi í eina önn. Ef nemandinn fær síðar inngöngu eftir svona feril þá hefur hann eina önn til að sanna sig. Eftir það verður ekki tekið við honum í Flensborgarskólann nema sérstakar ástæður liggi fyrir.

Einkunnum þessa nemanda er ekki breytt.



Breytingar á starfsliði skólans

Við upphaf vorannar fögnum við Jónu Valborgu Árnadóttur en hún kemur til starfa eftir barneignarleyfi. Sama gildir um Þórdísi Ólafsdóttur en hún kemur til baka eftir veikindi. Þá bjóðum við velkomin í hópinn nýtt andlit en það er Þiðrik Ch. Emilsson sem koma til starfa í fjölmiðladeild. Fleiri verða hugsanlega ráðnir en að er ekki frágengið.

Um leið þökkum við Guðríði Karlsdóttur langt og farsælt samstarf en hún lætur af störfum að eigin ósk vegna aldurs.


Aðrir sem hverfa frá okkur núna eru Andri Snær Guðrúnarson, Hulda Sif Birgisdóttir og Helga Helgadóttir. Þeim eru öllum færðar þakkir fyrir vel unnin störf og óskað velfarnaðar. Helga fer reyndar í barneignir og vonum við að henni gangi allt í hag.

Skóreglan

Allir nemendur og starfsmenn eiga að nota inniskó í skólanum.

Vonandi leggjast allir á eitt í þessu efni svo ekki þurfi að koma til frekari aðgerða og leiðinda.

Við upphaf vorannar munu skólaliðar fylgja þessu eftir og þó sérstaklega að fólk sé ekki að fara inn og út á inniskóm— sem þar með verða útiskór. Einnig verður gengið eftir því að töskur séu ekki í gangvegi og að gengið



verði almennilega um salinn.

Minnt er á að sóðaskatturinn var ekki flautaður af heldur settur í geymslu um hríð.



Mötuneyti

Í mötuneyti skólans verður til boða heitur matur, salat, ávaxtabakkar, skyr „boost“, jógúrt, skyr, langlokur og samlokur. Verðskrá og fyrirkomulag eru auglýst í Hamarssal. Ekki er skrifað og allt er annaðhvort fyrirframgreitt eða staðgreitt. Nú eftir jóla verður gerð tilraun með klippikortakerfi. Foreldrar fá kynningu á þessu fljótlega.

Mötuneytið verður lokað milli 10.30 og 10.50 og aftur milli kl. 13.30 og 13.45. Ekki verður heimilt að bera burtu borðbúnað og gengið verður eftir því að fólk gangi frá eftir sig á borðunum. Við verðum að muna að við erum í nýju og glæsilegu húsnæði og því þarf að sýna virðingu. Umgengnisreglur verða birtar og þeim verður framfylgt. Umgengnin fyrir jóla var oft góð en

allajafna mátti hún vera betri.

Hafdís Ólafsdóttir stýrir mötuneytinu og með henni starfa þær Guðný Kristmundsdóttir og Pálfríður Bjarnadóttir.



Ljósmynd Magnús Gíslason. Fleiri eru á vef skólans. Þarna sést óheppileg umgengni!

Það er nóg af bílastæðum.

Vöndum okkur við að leggja og virðum reglur.

Bílar sem lagt er ólöglega verða dregnir burtu eftir að viðvörun hefur verið veitt.



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI



Fréttir

Tölublað 221

Janúar 2007

Í ársbyrjun 2007

Það er spennandi að hefja starfið núna á vorönn eftir fjórlegt ár 2006. Nú eru að baki langstærstu vandamálin sem tengjast byggingaframkvæmdum og því ættu tölvur og annar búnaður að vera í góðu lagi að þessu sinni. Að vísu verður aftur tekið til við framkvæmdir með vorinu en allt umstang verður þó minna en í vor sem leið og við þurfum varla að flytja búferlum aftur.

Þema vorannar er 125 ára afmæli skólans og verður margt í gangi í kringum það mál allt saman. Dagskráin verður kynnt á næstunni og nær hámarki 1. júní þegar við útskrifum á afmæli skólans.

Þá eru vakningardagar og margt fleira í bígerð á önninni.

Nokkur hópur er látinn taka sér hvíld á vorönn af ýmsum ástæðum. Þrátt fyrir það er vorannarhópurinn sá stærsti sem byrjar að þessu sinni. Það eru einkum tvær ástæður þess að fólk er synjað um skólavist. Önnur er skólasókn en enginn vill hafa fólk í vinnu sem ekki mætir. Hin er að fólk mætir ekki til prófs. Það að skrá sig í skóla er skuldbinding. Við erum ekki sátt við að einhver skrái sig til náms en láti sig svo hverfa fyrir annarlok.

Við viljum gera vel við okkar fólk og hjálpa öllum sem þurfa aðstoð en það virkar á báða vegu.

Að þessu sögðu bjóðum við ykkur öll hjartanlega velkomin til starfa og vonum að ykkur farnist vel í náminu í vetur.

Magnús Þorkelsson

Starfsfólk Flensborgarskólans óskar þér gleðilegs árs og vonar að nýtt ár verði þér árangursríkt.

